

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Hverfisgata 98A, 100 og 100A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 20. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu. Breytingin felur í sér að heimilt verður að sameina lóðirnar í eina lóð, sett er kvöð um uppbot byggðar í samræmi við fyrri lóðamörk ásamt kvöð um þrjá innganga. Lyftustokkur og annar tækjabúnaður standi upp fyrir byggingarreit og íbúðum fækkar um tvær. Á lóð nr. 100 verður heimilt að byggja ofan á núverandi byggingu eða rífa hana og byggja nýja ásamt því að byggingarreitur minnkar og verður í samræmi við grunnflöt núverandi byggingar jafnframt því sem að byggingarheimildir fyrir kjallara, stigahús og lyftuhús fellur út. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Mýrargata 21 og 23 / Rétttrúnaðarkirkjan.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 26. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna Mýrargötu 21 og 23. Í breytingunni felst að sameina lóðirnar í eina lóð. Byggingarmagn helst óbreytt sem og stærð og umfang bygginganna. Nýtingarhlutfall lóðar breytist lítillega þar sem tengigangur, sem þegar er heimilaður í gildandi deiliskipulagi að hámarki 50 m<sup>2</sup>, er talinn með í fermetrum bygginganna. Við sameiningu lóðanna verða fjögur bílastæði á lóðinni, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 24. febrúar 2022.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 25. febrúar 2022